

Ársskýrsla 2007-2008



LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS

Ljóstæknifélag Íslands í apríl 2008

Umbrot: Hönnunarhúsið ehf. Prentun: Stafræna prentsmiðjan.

Ljósmynd á forsíðu: Guðni Gíslason – frá bás Zumtobel á Ligh+building 2008.



Ljósni: Guðni Gíslason

Ársskýrsla LFÍ lesin af kostgæfni..

Skýrsla stjórnar Ljóstæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2007-2008

Aðalfundur

Aðalfundur Ljóstæknifélagsins árið 2007 var haldinn í sal Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1 fimmtudaginn 15. mars kl.10.30. Mæting var mjög góð, 38 félagar sátu fundinn. Daði Ágústsson formaður setti fundinn. Fundarstjóri var kjörin Bergur Jónsson og Örn Guðmundsson var kjörinn fundarritari.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu verkefnum stjórnarinnar og áherslum félagsins á komandi ári. Helstu áherslur voru að efla félagsstarfið með fræðslufundum, útgáfu rita ásamt því að styðja við menntum í lýsingarfræðum en hafin er kennsla í þeim fræðum við lðnskólann í Reykjavík. Skýrslu stjórnar var dreift á fundinum. Mikill hugur var í stjórnarmönnum með metnaðarfulla dagskrá.

Ferdinand Alfreðsson, gjaldkeri lagði fram áritaða reikninga félagsins fyrir árið 2006 og gerði grein fyrir þeim og áætlun stjórnar fyrir árið 2007. Rekstur félagsins gekk mjög vel á árinu, vel gekk að ná til styrktaraðila vegna útgáfu og Nordlys ráðstefnunnar auk þess sem sjálfböðavinna var mikil.

Engar umræður urðu um reikningana eða áætlunina og voru bæði samþykkt samhljóða.

Einnig var samþykkt að félagsgjöld yrðu óbreytt.

Samkvæmt lögum félagsins skal á hverju ári kjósa tvo stjórnarmenn beint og einn tilnefndan af aðildarfélögum, allir til 2ja ára. Á sléttu ártali skal auk þess kjósa formann til 2ja ára. Jafnframt skal á hverju ári kjósa féлага í kjörnefnd og einn endurskoðanda, báðir til þriggja ára.

Fundarstjóri las upp niðurstöður kjörnefndar sem lagði til eftirtaldir yrðu í stjórn og öðrum embættum félagsins.

Jón Stefán Einarsson verði kjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.

Eiríkur Bogason verði endurkjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.

Jón Ísaksson Guðmann verði endurkjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.

Jens Þórisson verði endurkjörinn stjórnarmaður til 2ja ára.

Eiríkur Briem verði endurkjörinn endurskoðandi til 3ja ára.

Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þessir menn því kjörnir.

Ferdinand Alfreðsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs og nýr maður í stjórn er því Jón Stefán Einarsson, arkitekt hjá Batteríinu ehf. í Hafnafirði.



Frá sýningu á Ljóstvistum eftir aðalfundinn 2007



Lars Thomas segir frá möguleikum ljósvista



Áhugasamir fundargestir á ljósvistasýningunni

Kosning kjörnefndamanns og skoðunarmanns reikninga:

Endurskoðendur fyrir starfsárið 2006-2007 voru kjörnir samkvæmt tillögum kjörnefndar

Porvaldur Finnbogason, kjörnefndarmaður til þriggja ára.

Eiríkur Briem, skoðunarmaður til þriggja ára.

Ekki komu fram aðrar tillögur og þessir menn því kjörnir.

Kjörnefnd 2007-2008 var þannig skipuð:

Egill Skúli Ingibergsson, kjörinn 2006

Víðir Kristjánsson, kjörinn 2005

Porvaldur Finnbogason, kjörinn 2007

Endurskoðendur 2007-2008 verða:

Hreinn Jónasson kjörinn 2005

Eiríkur Briem, kjörinn 2007

Til vara Guðjón L. Sigurðsson, kjörinn 2006

Ráðstefna um ljósvista:

Eftir að aðalfundi hafði verið slitið var boðið til hádegisverðar. Að honum loknum var haldin ráðstefna um ljósvista.

Daði Ágústsson flutti erindið „Ljósgrjafi framtíðarinnar“. Erindið byggðist á riti félagsins „Ljósvistar“ (LED) .

Snorri Hreggviðsson hjá Volta: „Hagnýting, eiginleikar og þróun ljósvista frá Osram“.

Lars Thomas frá Thorn/Johan Rønning: „Notkun og nýtingarmöguleikar ljósvista“.

Jón Kjartansson frá Fálkanum: „Cariboni“.

Ráðstefnan var mjög áhugaverð og fróðleg og að loknum fyrirlestrum var sýning á ljósvistum og notkun þeirra í anddyri Orkuveitunnar. Sýnendur voru Johan Rønning, Epal, Volti, Fálkinn, GH-ljós, Dengsi og S. Guðjónsson.

Stjórn félagsins starfsárið 2007-2008 var því þannig skipuð eftir að stjórnin hafði skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfund:

Daði Ágústsson, formaður, kjörinn 2006
Hilmar Jónsson, varaformaður, kjörinn 2006
Jón Stefán Einarsson, gjaldkeri, kjörinn 2007
Jón Ísaksson Guðmann, ritari, kjörinn, 2006
Eiríkur Bogason, meðstjórnandi, kjörinn 2007
Holger G. Gíslason, meðstjórnandi, kjörinn 2006
Jens Þórisson, meðstjórnandi, kjörinn 2007

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 6 bókaða stjórnarfundir á árinu auk þess sem samráð var haft í síma og með tölvupósti. Fundir voru haldnir í húsnæði OR, Rarik, Samorku og GH-ljósa.



Ljósið kemur ofanfrá.

Félagsstarf

Félagar

Í lok starfsársins voru félagar 223, þar af 2 heiðursfélagar, 38 fyrirtæki og 169 einstaklingar og 14 nemendur. Mikil fjölgun hefur verið og hafa nær allir sem skráð hafa sig í félagið gert það í gegnum heimasíðuna. Félögum fjölgaði um 28 á árinu.

Skrifstofustarf

Hönnunarhúsið ehf., Guðni Gíslason sér um allt skrifstofustarf fyrir félagið sem fyrr, umsjón með félagatali og innheimtu, uppsetningu ársskýrslu og reikninga, uppfærslu á heimasíðu, útsendingu fundarboða og sölu á ritum félagsins en sala á ritunum hefur aukist verulega.

Námstefnur, og fræðslufundir:



Ljósni: Hilmar Jónsson

Ásta Logadóttir

„Hvernig gerum við opið rými að farsælum vinnustað“ var heiti á sameiginlegum morgunverðarfundum Vinnuvistfræðifélags Íslands og Ljóstæknifélags Íslands sem haldinn var miðvikudaginn 28. mars 2007 í fyrirlestrasal Orkuveitu Reykjavíkur. Ásta Logadóttir, verkfræðinemi flutti erindið „Gæði lýsingar á skrifstofum“, Ólafur Hjálmarsson, verkfræðingur flutti erindið „Hljóðhönnun og menning í opnum vinnurýmum“ og Björn Vignir Sigurpálsson, fréttaritstjóri flutti erindið „Frá opnum rýmum til opnari rýma“. Umræður og fyrirspurnir voru á eftir og Ólafur Hjálmarsson, hljóðhönnuður og Ólafur Þ. Hersisson, arkitekt kynnti forsendur hönnunar í opnum rýmum hjá OR.

Kolstaðir - Mjög góð þátttaka var í ferð Ljóstæknifélags Íslands að Kolstöðum í Borgarfirði 15. nóvember í boði Lúmex og mættu 36 félagar. Farið var í rútu í boði LFÍ og bauð Lúmex upp á snarl á leiðinni. Að Kolstöðum tóku feðgararnir, Helgi Eiríksson, Ingi Már og Eiríkur á móti gestum og Helgi var óspar á sögur úr sveitinni. Þeir feðgar sögðu frá staðnum og uppbyggingunni



þar en þeir bjóða staðinn fyrir listamenn og hafa þangað komið listamenn víðs vegar að úr heiminum. Greinilega stórmerkilegt starf sem þarna fer fram. Tekið var á móti hópnum eins og þjóðhöfðingjar væru á ferð með glæsilegum mat og drykk og kvöldið var kryddað með vangaveltum um ljós og menningu. Ýmsir tóku til máls og það var ánægður hópur sem hélt heim á leið undir nóttina og komið var heim á nýjum degi.

Rýniferð til Louis Poulsen

Ferð til Louis Poulsen í Kaupmannahöfn 12.-15. september heppnaðist frábærlega og var ferð í Óperuna til að toppa heimsóknina. 36 manna hópur sem samanstóð af fagfólki úr nánast öllum greinum lýsingarstéttarinnar fór í ferðina. Þetta var tveggja daga heimsókn til fyrirtækisins sem nýlega flutti höfuðstöðvar sínar frá Nyhavn á Gammel Strand.

Dagskráin var þéttskipuð af fræðandi efni um sögu fyrirtækisins og þróun ásamt fræðiefni. Kynntur var glænýr bæklingur með vörum fyrirtækisins. Farin var skoðunarferð í Seðlabanka Danmerkur en hann var hannaður af einum frægasta hönnuði Dana, Arne Jakobsen. Farin var sigling um síkin og borgin skoðuð frá öðru sjónarhorni. Á föstudagskvöldinu var síðan farið í óperuna í boði LP og lýsing hennar skoðuð að utan og innan. Byggingin er meðal annars lýst upp með 3 glerljósakúlum sem eru 3 metrar í þvermál, en kúlur þessar eru hannaðar og byggðar af Íslendingnum Ólafi Elíassyni. Snæddur var kvöldverður á staðnum og síðan séð óperan Ævintýri Hoffmans. Á kvöldin voru veitingahúsin heimsótt og



Sigt á „Kanalén“ í boði Louis Poulsen.



Frá fræðsluerindi í húsakynnum Louis Poulsen.



Eyjólfur Pálsson í Epal, Guðjón L. Sigurðsson og Jón Otti Sigurðsson í góðu yfirlæti í Óperunni.

einnig voru skoðaðar þær eignir sem Íslendingar hafa verið að kaupa í Kaupmannahöfn. Hópurinn var síðan að tínast til Íslands fram á sunnudag.

Talsvert meiri áhugi var á ferðinni en búist var. Ferð sem þessi hefur langan aðdraganda og ráðstafanir sem miða að áætlaðri eftirspurn. Það er stefna LFÍ að efna til skoðunarferða sem þessarar reglulega sem fyrr og heimsækja fyrirtæki sem eru í fararbroddi á sínum sviðum.

Epal og Louis Poulsen eru þakkaðar frábærar móttökur og undirbúningur.

Útgáfa

Gæðalýsing – með rafeindastýringu

Út er komið ritið „Gæðalýsing - með rafeindastýringu“ og fjallar um forsendur, tækni og búnað við rafeindastýringu á lýsingu. Ritið er gefið út með góðfúslegu leyfi Fördergemeinschaft Gutes Licht í Þýskalandi og er þýðing á riti sem samtökin hafa gefið út. Matthías M. Kristiansen þýddi en Aðalsteinn Guðjohnsen, Ólafur Björnsson og Daði Ágústsson yfirfóru textann.

Ritið er prýtt fjölda litmynda og skýringamynda og er gagnlegt öllum þeim sem vilja fræðast um stýringu ljóss með rafeindabúnaði, jafnt leikmönnum sem fræðimönnum. Fjöl margar íslenskar myndir prýða verkið, flestar eftir Rafn Sigurbjörnsson en einnig Guðna Gíslason.



Götu- og veglýsing

Ritið „Götu- og vegalýsing, reglur um lýsingu gatna og vega“ var endurskoðað og bætt var við kafla um stólpagerðir og var þar lögð mest áhersla á öryggisstólpa. Reglurnar eru aðlagðar okkar aðstæðum. Inn í ritið komu nýjar reglur Vegagerðarinnar um öryggissvæði. Aðalsteinn



Öll rit Ljóstæknifélagsins má panta á heimasíðunni www.ljosfelag.is

Guðjohnsen, Egill S. Ingibergsson og Hilmar Jónson hafa unnið mest að þessu verki.


Einnig þýddu þeir Aðalsteinn og Egill nýja Evrópustaðalinn fyrir götu- lýsingu. Staðlaráð tók svo að sér að gefa hann út. Reglurnar um stólpa- gerðir eru unnar í samvinnu við Orkuveituna og Vegagerðina. Einnig koma Samtök sveitarfélaga að verkinu. Reglurnar eru komnar út. Það er von okkar að reglurnar nýtist við hönnun vega- og gatnalýsingar fyrir sumarið. Ritið hefur fengið góðar móttökur og selst vel.

Tímaritið Ljós

Tímaritið Ljós var sent til félagsmanna í byrjun apríl en nokkuð hlé hefur verið á útgáfunni. Í ritinu er fjöldi góðra greina og má nefna „Ljóstvistar í gatnalýsingu“, „Sjónræn framsetning“, „Glólampinn“ „Friðarsúla Yoko Ono í Viðey“, „Hústjórnarkerfi“ auk annars efnis.

Hönnunarhúsið ehf. gefur blaðið út í samstarfi við félagið og er Guðni Gíslason, innanhússarkitekt ritstjóri þess og Eiríkur Bogason er fulltrúi félagsins í ritstjórn. Tímaritið Ljós kemur út í 1500 eintökum og er dreift til félagsmanna auk þess sem það er sent í pósti til valins markhóps jafnfram því sem það liggur frammi í helstu ljósaverslunum.

2. tbl. kemur út í október og er skilafrestur efnis 1. september.



Heimasíðan

Allar upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu félagsins en Guðni Gíslason hjá Hönnunarhúsinu sér um síðuna. Þar eru settar inn fréttir af starfinu auk þess sem finna má upplýsingar um nám í ljóstækni, áhuga- verðar síður um ljós og annað fróðlegt m.a. stiklur úr sögu félagsins. Þá er hægt að panta þau rit sem félagið hefur í boði en þau eru nú orðin sjö.

Félagið hefur áhuga á að efla upplýsingarátt síðunnar og eru allar ábendingar vel þegnar.



Lýsing til að fegra borg og bæi

Þann 25. okt. 2006 var borgarstjóranum í Reykjavík ritað bréf og lagt til að stofnaður verði samráðshópur með það að markmiði að gera tillögur um valda staði í borginni þar sem rétt sé að koma upp sérstakri lýsingu til að fegra umhverfið.

Þessari beiðni var vel tekið og skipaði borgarstjóri nefnd til þess að fjalla um þessi mál. Því miður þá hefur þetta metnaðarfulla verkefni alveg legið niðri vegna anna borgarstarfsmanna og tíðra borgarstjórnarskipta. Mjög æskilegt væri að geta endurvakið þetta verkefni.

Orkuveita Reykjavíkur kynnti átak í lýsingarmálum utanhúss og býður nú uppá heildarlausn í utanhúss lýsingu. Kallast verkefnið „Ljós í tilveruna“. Boðið er upp á heildarlausn við útlýsingu, hönnun, efnisúttegun, uppsetningu og viðhald undir yfirskriftinni „Fáðu tilboð í pakkann“. Boðið er upp á flóðlýsingu, svæðislýsingu og skrautlýsingu. Þetta framtak á vafalaust eftir að auka áhuga á fegrun og lýsingu umhverfisins.

Menntunarmál

Ljóstækninám við Iðnskólann í Reykjavík (IR) hófst haustið 2006 með kennslu í lýsingarfræði sem er tveggja anna, 30 ECTS eininga nám á diplómastigi sem skiptist í 15 námsgreinar sem kenndar eru í lotum. Undirbúningur hafði staðið frá árinu 2003 með hléum. IR og Ljóstæknifélag Íslands (LFÍ) höfðu þá aðallega komið að málinu ásamt ýmsum fulltrúum félaga og stofnana.

Haustið 2005 var verkefnisstjóri ráðinn til að leiða verkefnið og móta í samstarfi við Ljóstæknifélagið í kennsluhæfan farveg. Vorið 2007 luku 8 nemendur námi í lýsingarfræði en allir höfðu þeir reynslu á þessu sviði, ýmist sem rafiðnfræðingar, rafvirkjar eða sérhæfðir ráðgjafar í sölu á ljós-búnaði. Haustið 2007 innrituðust 30 nemendur í lýsingarfræði en 20 af þeim útskrifast í vor 2008, sem lýsingarfræðingar. Nám í ljóstækni skiptist í lýsingarfræði og lýsingarhönnun. Lýsingarfræðin er grunnnám sem samanstendur af 15 námsgreinum. Lýsingarhönnun er 30 ECTS eininga framhaldsnám m.a. fyrir útskrifaða lýsingarfræðinga, iðnfræðinga, arkitekta, innanhússarkitekta og tæknifræðinga. Lýsingarhönnun er verkefnabundið nám á diplómastigi. Í náminu er lögð áhersla á samspil fagurfræði, tækni og hagkvæmni. Verkefni nemenda eru fjölbreytileg. Svo dæmi sé tekið, unnu nemendur tillögur að lýsingu í nýja Ræsis húsið við Grafarholt og götulýsingu í nýja hverfið við Arnarneshæð. Samtals er gert



Nemendur og nokkrir kennarar í lýsingarhönnun

ráð fyrir að nemendur ljúki fimm ólíkum verkefnum sem lýsingarhönnuðir þurfa að takast á við í daglegu starfi. Ef að líkum lætur, má gera ráð fyrir að uppbygging námsins muni þróast í takt við markaðinn á komandi árum. Sérfræðingar á vegum LFÍ hafa komið að skipulagningu kennslu í lýsingarhönnun sem er mikilvægur þáttur í viðurkenningu markaðarins á nám-

inu. Unnið verður að því að lýsingarhönnuðir fái löggildingu til samræmis við aðrar stéttir í hönnun og tölvugreinum.

Iðnskólinn ætlar enn fremur að aðstoða okkur við námskeiðahald og eftirmenntun.

Norrænt samstarf

Nordlys stjórnarfundir voru haldnir í júní Helsinki og í september í Kaupmannahöfn. Þar gáfu félögin skýrslu um hvað þau væru að gera. Litlar breytingar eru þar á frá fyrra ári. Menntunarmál voru mikið rædd. Eru Norðmenn og Svíar sérstaklega vel staddir í þeim málum og Danir byggja sitt enn á námskeiðum.

„Ungt Lys“ var mikið rætt. Danir virðast leggja mikið í að laða að ungt fólk í skólum og vekja áhuga þeirra á ljóstækni. til að frá framtíðarhönnuði. Góð lýsing á heimilinu er komin út í Noregi. Ljóstvistaverkefni er ofarlega hjá Dönnum og leggja þeir 1 milljón DKK í verkefnið sem verða notaðar í kynningarstarfsemi og mat á ljóstvistakerfum. Nýtt rit um ljósvista er að koma út.

Í Svíþjóð er lögð áhersla á ritun greina í ritið Ljuskultur, lýsingu og umhverfið, sparnað á orku, lýsingu utandyra, og á ljóstvistanámskeið.

Í Finnlandi er unnið að bættum fjárhagi eftir 10 ára tap, unnið að námskeiðum um neyðarlýsingu, námskeiði um Dialux og stærsta verkefnið er

undirbúningur að Nordlys 2008 eða Nordic lighting conference sem haldin verður í haust. Finnar hafa gerst meðlimir að LUX Europa.

Í Noregi leggja mörg fyrirtæki 20-430 þús. NOK til menntunar í lýsingu. Félagar í Noregi eru 1750.

Hugmyndir eru uppi um sameiginlega útgáfu á bók um norræna lýsingarhönnun og er undirbúningur hafinn. Hún verður á ensku og sótt verður um styrki til útgáfunnar.



Óperuhúsið í Kaupmannahöfn þar sem lampar Ólafs Elíassonar blasa við þegar komið er að húsinu.

Nordlys 2008 í Helsinki

Íslendingar verða með erindi á ráðstefnunni sem heitir „Lighting landscape“. Erindið tengist byggingu á nýju tónlistar- og ráðstefnuhúsi í Reykjavík. Flytjandi er Sigurður Einarsson, arkitekt hjá Batteríinu.

Félagið mun standa að sameiginlegri ferð félagsmanna á ráðstefnuna.

Norrænu lýsingarverðlaunin

Norrænu lýsingarverðlaunin verða veitt á Nordlys í Helsinki. Dómnefnd er nú að hefja störf sín en engin tilnefning barst frá Íslenskum aðilum þrátt fyrir eftirfylgni og er það miður. Guðni Gíslason er fulltrúi Íslands í dómnefndinni er mun sennilega ekki taka þátt í vinnu hennar vegna þess að ekkert framlag barst frá Íslandi.

LUX-Europa


Næsta þing verður haldið í Istanbul 2009. Fyrirsögn þingsins verður lýsing og umhverfið.

Nú er hafin leit að fyrirlestrum á það þing og eru allar tillögur og ábendingar vel þagnar.

Light+building 2008

Fulltrúar frá félaginu sóttu hina gríðarlega stóru ljósaýningu Light+building 2008 í Frankfurt 5.-10. apríl og verður sýningunni gerð skil í næsta tölublaði Ljóss.

Framleiðendur voru ósparir á að sýna litamöguleika ljóstvistanna.



Ljóm.: Guðni Gíslason



Ljóm.: Guðni Gíslason

Ein af skemmtilegum hugmyndum nema í innanhússarkitektúr í Þýskalandi.



Íslensku þátttakendurnir fengu sérstaka kynningu hjá byrgjum stóru íslensku lampasöluaðilanna.

Tillaga stjórnar að starfsemi næsta árs:


Fjölmenna á Nordlys 2008 í Finnlandi
Rýniferð til erlends lampaframleiðanda
Halda 2-3 fræðslufundir
Gefa út 2 blöð út á árinu
Endurskoða ritið um Neyðarlýsingu.
Styðja vel við námið í IR
Stefnt verði að fjölgun félaga
Efla heimasíðuna.

Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Félagsgjöld	1.400.000
Sala á bókum	600.000
Aðrar tekjur	400.000
Skrifstofa, póstur og prentun	-1.000.000
Fundir	-200.000
Útgáfukostnaður	-600.000
Erlent samstarf	-400.000
Annar kostnaður	-200.000

Tillaga að árgjaldi:

Fyrirtæki og stofnanir:	26.000
Einstaklingar	2.500
Nemar í lýsingartækni	1.300



Ljóm.: Guðni Erlason

Félagatal Ljóstæknifélags Íslands

14. apríl 2008

Heiðursfélagar

Aðalsteinn Guðjohnsen Reykjavík
Egill Skúli Ingibergsson Reykjavík

Fyrirtæki og stofnanir

Arkís ehf. Reykjavík
Batterið ehf. Hafnarfjörður
Dengsi ehf. Reykjavík
Epal Reykjavík
Exton ehf. Reykjavík
Fálkinn hf. Reykjavík
Félag húsgagna- og innanhússarkitekta Reykjavík
Félag íslenskra rafvirkja Reykjavík
GH heildverslun ehf Garðabær
Hitaveita Suðurnesja Njarðvík
Iðnskólinn í Reykjavík Reykjavík
Ískraft - Húsasmiðjan deild 38 Kópavogur
Johan Rönning hf. Reykjavík
Jóhann Ólafsson & Co. hf Reykjavík
Landsvirkjun Reykjavík
Ljósín í bænum, Rafvirkjameistarinn Reykjavík
Luxor Reykjavík
Lúmex ehf. Reykjavík
Neytendastofa Reykjavík
Norðurorka Akureyri
Orkubú Vestfjarða Ísafjörður
Orkustofnun Reykjavík
Orkuveita Reykjavíkur Reykjavík
Ó. Johnson & Kaaber ehf. Reykjavík
Rafhönnun hf. Reykjavík
Raftákn ehf. Akureyri
Rafteikning hf. Reykjavík
RARIK Reykjavík
Reykjafell hf Reykjavík
RTS, verkfræðistofa Reykjavík
S. Guðjónsson hf. Kópavogur
Samorka Reykjavík
Sjónstöð Íslands Reykjavík
Smith & Norland hf. Reykjavík
Verkfræðist. Jóhanns Indriðasonar ehf. Reykjavík
Vinnueftirlit ríkisins Reykjavík
VSB verkfræðistofa ehf Hafnarfjörður
VST Reykjavík

Einstaklingar

Aðalgeir Pálsson Akureyri
Albert Eðvaldsson Njarðvík
Andrés Ingi Magnússon Garðabær
Anna Helga Einarsdóttir Reykjavík
Auðunn Karlsson Hafnarfjörður
Auðunn Oddsson Hafnarfjörður
Auður Valdimarsdóttir Sauðárkrúkur
Ágúst Gunnlaugsson Reykjavík
Ágúst Hilmarsson Hafnarfjörður
Árni Grétar Árnason Akureyri

Árni Ragnarsson Sauðárkrúkur
Árný Ingveldur Brynjarsdóttir Kópavogur
Ásbjörn Gíslason Akureyri
Ásbjörn R. Jóhannesson Reykjavík
Ásgeir Helgason Kópavogur
Ásgrímur Jónasson Kópavogur
Baldur Gíslason Kópavogur
Benedikt Axelsson Reykjavík
Benedikt Snorrason Eskifjörður
Benjamín G. Magnússon Kópavogur
Bergur Jónsson Reykjavík
Bergur Már Hallgrímsson Egilsstaðir
Birgir Einarsson Hafnarfjörður
Birgir Örn Tómasson Akureyri
Bjarni Þór Jakobsson Kópavogur
Björn Herbert Guðbjörnsson Keflavík
Björn Þorgeirsson Hafnarfjörður
Bragi Óskarsson Seltjarnarnes
Bæring Jóhann Björgvinsson Reykjavík
Daði S. Ágústsson Reykjavík
Davíð Eysteinn Sölvason Seltjarnarnes
Davíð Logi Dungal Reykjavík
Einar Ársæll Sumarliðason Selfoss
Einar Friðrik Malmquist Akureyri
Einar Grétar Þórðarson Seltjarnarnes
Einar Jón Pálsson Garður
Einar Matthíasson Reykjavík
Einar Sigurðsson Reykjavík
Elís Jónsson Hafnarfjörður
Ellert Már Jónsson Reykjavík
Erla Björk Þorgeirsdóttir Reykjavík
Erla Bryndís Kristjánsdóttir Ísafjörður
Evert Stefán Jónsson Hafnarfjörður
Ferdinand Alfreðsson Reykjavík
Fjalarr Gíslason Reykjavík
Garðar Lárusson Reykjavík
Garðar Sigurbjörn Garðarsson Reykjavík
Garðar Sigurjónsson Vestmannaeyjar
Grétar Felix Felixson Kópavogur
Guðjón Guðnason Hafnarfjörður
Guðjón L. Sigurðsson Reykjavík
Guðjón M. Jónsson Kópavogur
Guðmundur Arnar Birgisson Reykjavík
Guðmundur H. Pálsson Reykjavík
Guðmundur S. Jónsson Akranes
Guðmundur Viggósson Reykjavík
Guðni Gíslason Hafnarfjörður
Gunnlaugur Magnússon Ólafsfjörður
Halldór Hjálmarsson Hafnarfjörður
Hannes Siggason Kópavogur
Haukur Arinbjarnarson Borgarnes
Haukur Hauksson Reykjavík
Haukur Pálmason Garðabær
Heimir Jónasson Álftanes
Helgi Reimarsson Kópavogur
Hersir Oddsson Reykjavík
Hilmar Jónsson Hafnarfjörður
Hjörleifur Stefánsson Hafnarfjörður
Hreinn Jónasson Reykjavík

Ingólfur Arnarson	Hafnarfjörður
Ingólfur Bárðarson	Reykjanesbær
Ingví Á. Hjörleifsson	Reykjavík
Ingví Þór Björnsson	Grenivík
Ísleifur Árni Jakobsson	Kópavogur
Jakob Emil Lindal	Kópavogur
Jens Þórisson	Hafnarfjörður
Jóhann Lúðvík Haraldsson	Hafnarfjörður
Jóhannes Arnar Ragnarsson	Reykjavík
Jón Gísli Harðarson	Reykjavík
Jón Hilmar Jónsson	Seyðisfjörður
Jón Otti Sigurðsson	Garðabær
Jón Sturla Ásmundsson	Reykjavík
Jón Viðar Óskarsson	Reykjavík
Jónas Friðgeirsson	Seltjarnarnes
Katrín Elíasdóttir	Seltjarnarnes
Kjartan Óskarsson	Garðabær
Kolbeinn Bjarnason	Reykjavík
Kristján Guðmundsson	Akranes
Kristján Sveinbjörnsson	Álftanes
Lárus Einarsson	Hvolsvöllur
Leifur Ragnar Magnússon	Reykjavík
Magnús Kristbergsson	Reykjavík
Magnús Sigurðsson	Reykjavík
Magnús Sædal Svavarsson	Reykjavík
Marteinn Huntingdon-Williams	Hafnarfjörður
Matthías Ólafsson	Kópavogur
Oddgeir Már Sveinsson	Hveragerði
Olgeir Helgason	Reykjavík
Ófeigur Sigurður Sigurðsson	Reykjavík
Ólafur Davíð Guðmundsson	Akranes
Ólafur Grétar Guðmundsson	Reykjavík
Ólafur Jón Sigurðsson	Reykjavík
Ólafur Marel Kjartansson	Seltjarnarnes
Ólafur Sigmundsson	Reykjavík
Ólafur Stephensen Björnsson	Kópavogur
Ómar Ingi Eggertsson	Reyðarfjörður
Óskar Hraundal Tryggvason	Reykjavík
Óskar Þorsteinsson	Kópavogur
Óskar Ögri Birgisson	Kópavogur
Pétur Karl Sigurbjörnsson	Kópavogur
Pétur Ólafur Hermannsson	Reykjavík
Ragnar Daníel Stefánsson	Hafnarfjörður
Ragnar Þórarinn Bárðarson	Hafnarfjörður
Rósa Dögg Þorsteinsdóttir	Grindavík
Runólfur Bjarnason	Hafnarfjörður
Sigríður Sigurðardóttir	Akureyri
Sigurður Breiðfjörð Jónsson	Reykjavík
Sigurður G. Símonarson	Reykjavík
Sigurður Haukur Magnússon	Reykjavík
Sigurður Ingi Ragnarsson	Sauðárkrúkur
Sigurður Ingimarsson	Kópavogur
Sigurður Strange	Reykjavík
Sigurjón Kr. Sigurjónsson	Ísafjörður
Sigurþór Aðalsteinsson	Hafnarfjörður
Sigurþór Guðmundsson	Stykkishólmur
Sindri Vilborg	Reykjavík
Símon R. Unndórsson	Reykjavík
Skúli H. Norðdahl	Reykjavík
Snorri Ingimarsson	Reykjavík
Snorri Sturluson	Reykjavík
Snæbjörn Þór Ingvarsson	Hafnarfjörður
Stefán Agnar Hjörleifsson	Hafnarfjörður
Stefán Harðarson	Reykjavík
Sturla Már Jónsson	Seltjarnarnes
Svanbjörn Einarsson	Kópavogur
Svanborg Hilmarsdóttir	Reykjavík
Sævar Óskarsson	Ísafjörður

Thomas Kjartan Kaaber	Garðabær
Tinna Magnúsdóttir	Hafnarfjörður
Tómas Björn Ólafsson	Kópavogur
Tómas Sæmundsson	Akureyri
Trausti Sveinbjörnsson	Hafnarfjörður
Valgerður Hrud Skúladóttir	Reykjavík
Valur Benediktsson	Akureyri
Vignir Bjarnason	Reykjavík
Víðir Kristjánsson	Kópavogur
Zophanías Þorkell Sigurðsson	Garðabær
Þorleifur Thorlacius Finnsson	Kópavogur
Þorsteinn Geirharðsson	Reykjavík
Þorsteinn Sigurjónsson	Garðabær
Þorsteinn Sveinsson	Reykjavík
Þorvaldur Finnbogason	Reykjavík
Þór Stefánsson	Selfoss
Þórarinn Stefánsson	Reykjavík
Þórdís Rós Harðardóttir	Reykjavík
Þórdís Zoëga	Reykjavík
Þórður Guðmundsson	Garðabær
Þórður Haukur Ásgeirsson	Blönduós
Þórhallur Halldórsson	Reykjavík
Ögmundur Kristgeirsson	Kópavogur
Ögmundur Þór Jóhannesson	Kópavogur
Örlygur Jónasson	Selfoss
Örn Guðmundsson	Hafnarfjörður
Örn Jónsson	Reykjavík
Örn Kató Hauksson	Akureyri
Örvar Ármannsson	Kópavogur
Örvar Ásmundsson	Njarðvík

Nemendur í ljóstækni

Ásta Logadóttir	København S, Danmörk
Daniel V. Elíasson	Reykjavík
Einar Júlíus Óskarsson	Reykjavík
Einar Sveinn Magnússon	Mosfellsbær
G. Sævar Jónsson	Hafnarfjörður
Gerður Thoroddsen	Reykjavík
Hlynur Örn Björgvinsson	Horsens, Danmörk
Hörður Halldórsson	Reykjavík
Kristján Gunnar Kristjánsson	Reykjavík
Magnús Einarsson	Reykjavík
Óskar Jónsson	Reykjanesbær
Ragnar Martensson Lövdahl	Kópavogur



Ársskýrsla LFÍ 2007-2008

